

Ed. 98. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní 1956, skal eigi hefjast fyrr en þriðjudaginn 29. maí 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem upp hafi komið ágreiningur um gildi framlagðra landslista við alþingiskosningar 24. júní n. k. og fyrirsjáanlegt sé, að landskjörstjórn muni ekki fella úrskurð um þennan ágreining fyrr en 28. þ. m., beri brýna nauðsyn til að breyta kosningalögum nr. 80 7. sept. 1942 á þá leið, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla við kosningar þessar skuli eigi hefjast fyrr en landskjörstjórn hefur unnizt tími til að úrskurða um gildi landslista og merkja lista bókstöfum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní n. k., skal eigi hefjast fyrr en þriðjudaginn 29. þessa mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. maí 1956.

Ásgeir Ásgeirsson,

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.